

málinu, ef til kemur, að meta gildi vitnisburðarins, hvort hann verður að einhverju eða öllu leyti eða alls eigi tekinn til greina. Af þessum ástæðum, og með því að vitnið sjálft hefir eigi skorast undan að svara téðum spurningum virðist rétt að fallast á kröfu áfrýjanda um að ofangreindar spurningar verði lagðar fyrir vitnið Gunnar Egilson og verður samkvæmt því að breyta hinum áfrýjaða úrskurði.

Málskostnaður fyrir yfirdómi þykir eftir atvikum eiga að falla niður.

Því dæmist rétt vera:

Hinn áfrýjaði úrskurður skal úr gildi feldur og ber að leggja fyrir vitnið Gunnar Egilson spurningarnar á réttarskjali 6 í sjódomsgerðunum.

Málskostnaður falli niður.

Mánudaginn 31. maí 1915.

Nr. 46/1914.

I. Recher f. h. eigenda
og váttryggjenda botn-
vörpuskipsins »Imbrim«
gegn

P. R. Ungerskov f. h.
Em. Z. Switzers Bjerg-
ningsentreprise.

D ó m u r :

Mánudaginn 16. marz f. á., að því er ætla verður, strandaði botnvörpuskipið »Imbrim« frá Fécamp á skeri framundan Hvalsnesi í Miðneshreppi. Björgunarskipið »Geir« eign Em. Z. Switzers björgunarútgerðar (Bjergningsentreprise) í Kaupmannahöfn, lá þá á Reykjav.höfn, og þegar er skipstj. R. P. Ungerskov barst fregn um strandið 17. s. m. sigldi hann á strandstaðinn, en gat þá eigi komist að botnvörpunum vegna hafróts, og sigldi því burtu aftur. Daginn eftir 18. marz, kom björgunarskipið aftur á strandstaðinn, en gat þá eigi heldur af sömu ástæðu gert neinar björgunartilraunir. Skipstjóri sigldi þá til Sandgerðis á Miðnesi, og var þar þá komin öll skipshöfnin af »Imbrim«, alls 29 manns, þar á meðal skipstjórinn I. Recher. Þeir Ungerskov fyrir hönd björgunarútgerðarinnar og Recher fyrir hönd eigenda og váttryggjenda botnvörpuskipsins gerðu þá, að viðstöddum fulltrúa váttryggjendanna, samning um björgun skipsins, og eru aðalatriði samningsins þau, að björgunarskipið veiti hjálp til að koma »Imbrim« á flot og færa hann til Reykjavíkur fyrir $\frac{1}{3}$ af verðmæti hins bjargaða, að útgerðin krafist þess, að þetta verðmæti sé metið af lögskipuðum matsmönnum og skuli hlíta því mati, að björgunarlaunin skuli greidd jafnskjótt og skipið er komið til Reykjavíkur og að allar greinir út af samningnum skuli útkljáðar eftir dönskum lögum. Er samningurinn dags. 17. marz f. á. Eftir ítrekadar tilraunir, sem byrjuðu 19. marz tókst björgunarskipinu að koma »Imbrim« á flot 22. s.

m. og draga hann til Reykjavíkur daginn eftir. Næsta dag 24. s. m. fekk fulltrúi björgunarútgerðarinnar 2 menn kvadda til að meta til peningaverðs botnvörpuskipið »Imbrim« eins og það var þá á Reykjavíkurhöfn, með kolum, veiðarfærum og öðru er í því var, svo og til að segja álit sitt um, hvað kosta mundi að gera við það. Eftir matsgerð þessara manna, dags. s. d., telja þeir skipið eins og það var áður en það strandaði með útbúnaði og kolabirgðum hafa verið kr. 111500.00 virði en kostnað við bráðabirgðaraðgerð og fylgd á aðalviðgerðarstað kr. 10000.00 og kostnað við aðalviðgerð kr. 25000.00; telja þeir því skipið eins og það var eftir strandið með áorðnum skemdum kr. 111.500.00 ÷ (kr. 10.000.00 + kr. 25.000.00 =) kr. 35.000 = kr. 76.500.00 virði. Samkvæmt þessu mati og björgunarsamningum taldi fulltrúi útgerðarinnar björgunarlaunin eiga að vera $\frac{1}{3}$ af kr. 76.500.00 eða 25500 00. En með því að hvorki eigendur né vátryggjendur botnvörpuskipsins eða menn fyrir þeirra hönd vildu greiða þá upphæð, höfðaði Ungerskov skipstjóri fyrir hönd björgunarútgerðarinnar mál þetta fyrir sjórétti Reykjavíkur með stefnu dags. 1. apríl f. á. gegn Recher skipstjóra fyrir hönd eigenda og vátryggjenda botnvörpuskipsins »Imbrim« til greiðslu björgunarlauna kr. 25.500.00 með 6% ársvöxtum frá 24. marz til borgunardags. Í sambandi við þessa málshöfðun lét sækjandi, með fúgetagerð 3. s.m. leggja löghald á skipið »Imbrim« og kyrsetja það til tryggingar björgunarlaununum og með stefnu dags. s. d. stefndi hann kyrsetningargerðinni til staðfestingar samflota aðalmálinu. Af

annari hálfu hóf stefndi gagnsök á hendur sækjanda með stefnu, dags. 15. júní f. á., til þess að fá ákveðið með dómi án tillits til björgnarsamningsins 17. marz hve há björgunarlaun honum bæri að lögum að greiða fyrir björgun botnvörpuskipsins.

Í sjódominum urðu þau málalok, með dómi uppkveðnum 6. nóv. f. á., að kyrsetningargerðin var staðfest og stefndi dæmdur til að greiða sækjanda kr. 24500.00 með 6% ársvöxtum frá 24. marz f. á. til borgunardags, en málskostnaður skyldi falla niður.

Þessum dómi hefir áfrýjandi skotið til yfirdómsins með stefnu, útgefinni 14. nóv. f. á., og krafist þess, að hinn áfrýjaði dómur verði feldur úr gildi og honum breytt þannig, að yfirdómurinn ákveði handa stefnda hæfilega þóknun fyrir björgun botnvörpuskipsins »Imbrim«, og að stefndi verði dæmdur í málskostnað. Stefndi krefst af sinni hálfu að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur og áfrýjandi dæmdur til að greiða sér málskostnað eftir mati yfirdómsins.

Máli sínu til stuðnings telur áfrýjandi það, að björgunarsamningurinn sé ógildur, það annað, að matið, sem krafa stefnda er miðuð við, sé með öllu rangt og óábyggilegt, og að eigi hafi verið dregið frá verðmæti hins bjargaða kostnaður skipsins sjálfs, meðan það var hér til bráðabyrgðaaðgerðar, og á leið þess til útlanda til aðalviðgerðar. Þessa síðasttöldu kröfu tók sjódomurinn þó að nokkru leyti til greina, þannig, að hann taldi þennan kostnað kr. 3000.00, er dregnar voru frá andvirði hins bjargaða svo að krafa stefnda við það lækkaði um kr. 1000.00.

Eins og fyr segir, hóf áfrýjandi gagnsókn fyrir sjódóminum og skaut því samkvæmt 232. gr. siglingalaganna, til dómsins, hversu mikil björgunarlaunin skyldu vera. Telur hann björgunarsamninginn hafa fallið burtu við gagnsóknina og geta því eigi komið til greina við ákvörðun björgunarlaunanna. Gegn þessu heldur stefndi því fram, að nefnd grein siglingalaganna eigi ekki við um björgunarsamninginn 17. marz f. á, með því að hann hafi verið gerður eftir að skipshöfnin var öll komin í land, svo að þá hafi eigi lengur verið nein hættu yfirvofandi. Svo hafi og krafa áfrýjanda um dómsúrskurð um björgunarlaunin, komið of seint fram (15. júní), því nær 3 mánuðum eftir að samningurinn var gerður, þar sem slík krafa samkvæmt dönsku siglingalögum — en eftir þeim eigi málið eftir samningnum að dæmast — eigi að koma fram áður en 2 mánuðir séu liðnir frá því er samningurinn var gerður. Þessari síðari mótbáru hefir stefndi þó fyrst hreyft fyrir yfirdóminum og verður þá að ætla, að hann hafi samþykkt það fyrir sjódóminum, að vikja frá samningnum um það, að þetta málsatriði skuli dæmt eftir hinum dönsku siglingalögum, og er því of seint að hreyfa téðri mótbáru hér fyrir réttinum. En um hitt atriðið, að samningurinn hafi verið gerður eftir að hættan var um garð gengin, svo að 232. gr. siglingalaganna geti eigi átt við hann, athugast, að það er vafalaust að botnvörpuskipið var í yfirvofandi hættu, þegar samningurinn var gerður þó að menn hefðu þá allir bjargast úr því, og að eigi er heimild til að skilja svo orðið »hætta« í nefndu lagaákvæði, að það eigi

að eins við mannhættu. En þó að eigi verði litið svo á, að áfrýjanda verði af greindum ástæðum bannað að skjóta sér undan samningnum, þá virðist hann eins og stefndi einnig heldur fram, í málfærslu sinni fyrir undirrétti hafa viðurkennt gildi samingsins eftir að björguninni var lokið og áður en hann hóf gagnsökina, með því að hann í fógetarétti 3. apríl f. á., þegar »Imbrim« var kyrsettur til tryggingar björgunarlaununum, lýsti því yfir, að hann hefði ekkert við kröfu gerðarbeiðanda að athuga, að því leyti sem hún væri samhljóða samningnum, og virðist hann með þessari yfirlýsingu hafa endurnýjað og staðfest samninginn og samþykkt, að eftir honum skyldi útkljá kröfu stefnda um björgunarlaunin. Samningurinn verður því að koma til álita, sérstaklega að því leyti sem hann heimilar stefnda að bjarglaunum $\frac{1}{3}$ hluta af andvirði hins bjargaða.

Áfrýjandi mótmælti því fyrir sjódomnum, að matið 24. marz f. á. væri rétt, og krafðist að matsmennirnir væru látnir gera grein fyrir því. Í næsta réttarhaldi, er matsmennirnir voru viðstaddir, krafðist áfrýjandi, að þeir sundurliðuðu upphæðirnar í matsgerðinni, bæði verð á skipinu óskemdu með vélum, útbúnaði, kolum og veiðarfærum og kostnað við umbætur á skemdum, svo og að þeir gerðu mat á kostnaði skipsins sjálfs, meðan það var hér í bráðabyrgða- aðgerð, og á ferð þess héðan til aðalviðgerðar í útlöndum. Varð það til þess, að matsmennirnir sömdu framhaldsmatsgerð, dags. 17. apríl, er þeir staðfestu í rétti sama dag. Í þessari matsgerð töldu þeir verð á skipinu óskemdu með vélum og útbúnaði 104750.00

kol fyrir kr. 1350.00 og veiðarfæri fyrir kr. 6000, samtals kr. 112100.00, en þar frá töldu þeir fyrir ýmislegt, er farið hafði forgörðum kr. 600.00, varð matsupphæðin þannig kr. 111500.00 eins og í fyrri matsgerðinni. En matið á skemdunum sundurliðuðu þeir eigi eða gerðu nánari grein fyrir því, enda lýstu þeir því yfir, að því yrði eigi við komið, nema skipið væri lagt upp á dráttarbraut eða í þurkvi.

Stefndi heldur því fram, að samkvæmt samningum beri að hlíta þessari matsgerð og verði henni því eigi haggð, enda verði áfrýjandi að teljast hafa samþykkt hana með því að taka hana gilda án eðfestingar, án þess að finna neitt að henni annað en það, að matsmennirnir hefðu eigi tekið með í matið áðurgreindan kostnað skipsins sjálfs hér og á leið til útlanda, — en þann kostnað álitu matsmennirnir ekki bera undir sig að meta. En við þetta síðara er það að athuga, að áfrýjandi hafði áður haldið því fram, að matið væri eigi rétt og krafist ýmsra skýringa á því, er hann eigi fékk í hinu síðara mati, og verður þá eigi, þegar af þeirri ástæðu, litið svo á, þó að hann krefðist eigi eiðs af matsmönnum eða vefengdi þá mat þeirra að öðru leyti, að hann með því hafi slept mótmælum sínum gegn matinu. Um ákvæði sammingsins, að matinu skuli hlíta, athugast, að gera verður ráð fyrir, að átt sé við mat, er byggt sé á fullnægjandi skoðun á skipinu og að öðru leyti á viðunanlegum rökum, en matið 24. marz og framhaldsmatið 19. apríl f. á. fullnægja eigi þeim kröfum, sérstaklegn að því, er lýtur að skemdum á skipinu, og matsmennirnir lýsa því og sjálfir yfir, að sundur-

liðuð greinagerð um þær verði eigi samin eftir ástæðum. Mat þetta verður því eigi talið ábyggilegt né löglegt og þykir eigi fært, að láta úrslit málsins koma undir því.

Samkvæmt skjölum málsins var »Imbrim« með vélum og allri útgerð (kolum, salti, vistum og veiðarfærum) váttrygt hjá váttryggingarfélagi í Havre 21. maí 1913 um 12 mánuði fyrir 155000 franka eða kr. 111600. Er upphæð þessi hér um bil hin sama og fyrgreind matsupphæð, og má ætla að matsmennirnir hafi haft hliðsjón af henni, er þeir ákváðu mat á skipinu óskemdu og því, sem því fylgdi. Skipið er byggt 1904, og má gera ráð fyrir, að það hafi fyrnst nokkuð frá því það var váttrygt 21. maí 1913 og þangað til það strandaði í miðjum marzmánuði f. á., en hinsvegar er það ómótmælt, að ýmsu nýju hafi verið bætt við í skipið áður en það hóf fiskiveiðar í byrjun f. á. Það þykir því mega ætla, að sannvirði skipsins með því, sem í því var, hafi verið sem næst váttryggingarupphæðinni kr. 111600.00, svo að frá því megi draga kostnað við umbætur á skipinu og annan kostnað út af strandinu, til að finna verðmæti hins bjargaða.

Um kostnað við aðgerð á skemdum skipsins er það viðurkennt í málinu, að kostnaður við bráðabirgðaraðgerð á því hér og fylgd handa því til Newcastle hafi numið kr. 10080.00.

Þegar skipið kom til Newcastle lét áfrýjandi gera gagngerða skoðun á því, og gerði áður stefnda, Ungerskov skipstjóra, viðvart um skoðunargerðina. Fekk hann til þess skipasmiði og skipaskoðunar-

menn, sem vanir voru slíkum störfum. Sömdu þeir ítarlega álitserð um skemdir á skipinu og umbætur, er gera þyrfti á því, og unnu eið að gjörðinni frammi fyrir eiðsfulltrúa bæjarins. Stefndi telur skoðunargjörð þessara manna að engu hafandi, með því að þeir hafi eigi verið dómkvaddir, en áfrýjandi hafi fengið þá til sjálfur, og þeir því verið í hans þjónustu. En áfrýjandi hefir hins vegar skýrt frá því, að hann hafi í þessu efni hagað sér eftir enskri laga-venju og að þar í landi sé eigi önnur leið fær til að fá gert mat, slíkt er hér um ræðir. Hefir stefndi eigi hnekt þessari skýrslu áfrýjanda, sem styðst við skjöl málsins. Og nú með því að óhjákvæmilegt er að komast að fastri niðurstöðu um það, hve miklu námu skemdir á skipinu, en ekki verður bygt á hendlenda matinu um fullnaðarviðgerð á því, svo sem þegar er sagt, enda yfirmat tæplega framkvæmanlegt hér, eftir því sem áfrýjanda sagðist ómótmælt frá í héraði, sbr. og niðurlag skýrslu matsmanna 17. apríl 1914, þá hefir yfirdómurinn ekki við annað að styðjast en mat það, sem fram fór í Newcastle og stefnda var gefinn kostur á að vera viðstaddur. — Virðist því verða að byggja á matsgjörð hinna ensku matsmanna um kostnað við fullnaðarviðgerð á skipinu. En kostnað þennan meta þeir 1800—2000 pd. Sterl. Áfrýjandi hefir þó samkvæmt samningi 29. apríl f. á. við váttryggjendur skipsins látið sér lynda að fá greidd 1750 pd. Sterl. til lúkningar þessum kostnaði. Það er því rétt, að halda sér við síðasttalda upphæð, en hún er í dönskum peningum kr. 31762.00.

Það sést af fyrgreindum samningi milli eigenda og váttryggjenda skipsins, að þeir hafa bætt honum kr. 9000.00 fyrir töpuð veiðarfæri, en gegn mótmælum stefnda verður eigi álitid sannað, að þessi veiðarfæri hafi glatast við strandið, og stefndi hefir ómótmælt haldið því fram, að »Geir« hafi bjargað ýmsu af fiskiveiðaútbúnaði »Imbrims«, er flutt hafi verið í land á strandstaðnum og selt þar af váttryggjendum skipsins.

Kostnaður skipsins sjálfs, hér og á leiðinni til aðalviðgerðar í útlöndum stafar frá dvöl þess hér og heimferð, svo og kolakaupum til ferðarinnar. Kostnað þennan hefir áfrýjandi fengið greiddan hjá váttryggjendum með kr. 4608.00, sem hann krefst að dregnar séu frá verðmæti hins bjargaða. Þessi greiðsla þykir þó eigi næg sönnun fyrir upphæð þessa kostnaðar, sem ekki er nánar sundurliðaður og stefndi hefir mótmælt, en það virðist hæfilegt, eins og sjódomurinn hefir gert að telja hann kr. 3000.00.

Samkvæmt framansögðu verður að telja verð »Imbrims« með öllu verðmæti innanborðs, er hann strandaði, kr. 111600.00
og draga frá því fyrir bráða-
byrgðaraðgerð kr. 10080.00
fyrir fullnaðarviðgerð . . — 31762.00
kostnað skipsins sjáfs . . — 3000.00

— 44842.00

Varð þá eftir kr. 66758.00 er telja verður verðmæti hins bjargaða, og ber áfrýjanda samkvæmt samningum að greiða stefnda $\frac{1}{3}$ hluta þeirrar upphæðar kr. 22252.67 með

vöxtum eins og segir í hinum áfrýjaða dómi. Yfirdómurinn felst á ákvæði dómsins um staðfesting kyrsetningargerðar 3. apríl f. á. og um málskostnað.

Málskostnaður fyrir yfirdómi þykir rétt að falli niður.

Því dæmist rétt vera:

Áfrýjandi I. Richer fyrir hönd eigenda og váttryggjenda botnvörpuskipsins »Imbrim« greiði stefnda R. P. Ungerskov fyrir hönd Em. Z. Switzers björgunarútgerðar 22252.67 með 6% ársvöxtum frá 24. marz 1914 til borgunardags. Að öðru leyti skal hinum áfrýjaða dómi óraskað.

Málskostnaður fyrir yfirdómi falli niður.

Dóminum ber að fullnægja áður en liðnar séu 8 vikur frá löglegri birtingu hans að viðlagðri lagaaðför.

Mánudaginn 31. maí 1915.

Nr. 30/1915.

Réttvisin
gegn
Degi Gíslasyni
og
Einari Jóhannessyni.